

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júlí 2007 í máli nr. S-572/2007:

Ákærvaldið

(Arnþrúður Þórarinsdóttir fulltrúi)

gegn

Jóni Björgvin Péturssyni

(Guðmundur Birgir Ólafsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní sl., er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 2. apríl 2007 á hendur Jóni Björgvin Péturssyni, kt. [...], Þverholti 28, Reykjavík, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 22. október 2005, fyrir utan veitingahúsið Hverfisbarinn, Hverfisgötu 20, Reykjavík, veist að Hauki Má Ingvarssyni og slegið eða fleygt glasi í andlit hans, með þeim afleiðingum að Haukur Már hlaut sentímetra langan skurð á efri vör og tvær framtennur brotnuðu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu Hauks Mús Ingvarssonar, kt. [...], er krafist skaðabóta að fjárhæð 857.537 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 22. október 2005 til 2. september 2006, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá krefst hann lögmannspóknunar að fjárhæð kr. 119.520.

Málavextir

Mánudaginn 24. október 2005 kom til lögreglunnar í Reykjavík Haukur Már Ingvarsson og kærði yfir því að hann hefði orðið fyrir líkamsárás aðfaranótt laugardagsins næsta á undan við krána Hverfisbarinn við samnefnda götu hér í borg. Í skýrslu sem hann gaf þá kvaðst hann hafa verið á leið út af staðnum ásamt kærustu sinni, Kristínu Ásgeirsdóttur, og vinkonu hennar, Irmu Guðvarðsdóttur.

Þegar þau hefðu verið á stigapalli milli hæða þegar að kom maður sem var ofurölvi og hrasaði maðurinn utan í stúlkurnar. Kvaðst Haukur Már hafa tekið í piltinn og hrist hann til og sagt honum að vera ekki svona ölvaður. Hefðu dyraverðir þá komið að og sagt að þeir vildu ekki vandræði og skyldi hann fara út. Maður þessi hafi elt þau út og voru þá nokkrir vinir hans með honum. Hefðu mennirnir slegið hring um kærاندann og hefði maðurinn fyrrnefndi slegið hann í andlitið með hálfpotts björglasi. Hefði höggið komið á efri vörina. Dyravörður hefði þá komið og skotið yfir hann skjólshúsi, eins og þar segir. Þá hefði annar dyravörður komið og haldið áráðarmanninum um stund. Kærاندinn gaf upp nafn áráðarmannsins, Jón Björgvin Pétursson, hjá einum dyravörðanna, sem hann sagði að hétu Henning. Kvaðst hann hafa farið á slysadeild til þess að fá gert að áverkanum og þar hafi verið saumuð fimm spor í efri vör undir nefinu. Þá hefði hann leitað til tannlæknis þar sem tvær tennur í efri gómi og ein tönn í neðri gómi voru skemmdar.

Haukur Már var látinn taka þátt í myndsbendingu 13. október sl., að viðstöddum verjanda ákærða. Var þá raðað upp fyrir hann níu andlitsmyndum af ungum mönnum úr safni lögreglunnar. Benti hann á mynd af ákærða og sagði hann vera áráðarmanninn.

Í málinu er vottorð Hlyns Þorsteinssonar sérfræðings á slysadeild Fossvogsspítala. Segir þar að Haukur Már hafi verið með 1 cm skurð á efri vör sem náði í gegnum vörina. Þá hafi sést að tvær framtennur í honum voru brotnar um þvert til helminga eða svo. Sárið á vörinni hafi verið saumað fimm sporum. Haukur Már mun hafa leitað til tannlæknis vegna áverka á tönnunum en ekki er vottorð í málinu um þá frá tannlækninum. Aftur á móti eru í reikningi frá honum til Hauks Má tilgreind þessi verk: „bráðahjálp“, „uppbygging + stifti, framtönn“, „málmlaus postulínskróna“ og „rótþyllingarmeðferð 1 gangur“.

Ákærði gaf skýrslu í málinu hjá lögreglu 2. ágúst sl.. Hann kannaðist við að hafa verið á Hverfisbarnum á þeim tíma sem um ræðir. Hann kvaðst ekki muna hvernig þetta byrjaði en sagðist hafa verið í einhverjum smástyppingum við ungan mann inni á Hverfisbarnum sem hefðu haldið áfram út fyrir staðinn og þar hefðu hann og félagi hans haldið áfram að rífast við hann. Eftir það hefði hann farið á knæpuna Sólon og þar hefðu vinir unga mannsins komið og nefbrotið hann en hann ekki hafa kært það þar sem hann taldi að þetta væri eitthvert fyllerísrugl á honum og þessum unga manni. Hann sagði það vera rangt sem segði í kærnu Hauks Má að hann og um fjórir vinir hans hefðu elt Hauk Má út og slegið þar hring um hann. Hann segist aðeins hafa verið þarna með einum vini sínum, Helga Sveinssyni, sem sé maður einfættur. Ákærði neitaði að hafa slegið til Hauks Má með björglasi og hefðu aðeins verið styppingar einhverjar á milli þeirra, ekki högg.

Irma Guðvarðsdóttir gaf skýrslu í málinu hjá lögreglu 8. september sl. Sagðist hún haf séð Hauk hrista einhvern strák til við anddyrið og heyrt hann segja við hann „ertu fullur, ertu fullur“. Hefði hún séð að strákurinn varð reiður á svipinn og fór að ýta frá sér. Haukur hefði þá ýtt stráknum frá sér en strákurinn hrökklast of langt og dottið niður stigann en fólk gripið hann. Kvaðst hún svo hafa séð að einhverjir héldu Hauki og Kristínu en dyraverðir náð síðan að slíta þau laus og hefðu þau þá komið út. Hefðu þau beðið fyrir utan eftir vinkonu þeirra en strákurinn, sem Haukur hafði hrist til, hefði komið út ásamt vinum sínum út og þeir gengið að Hauki og Kristínu. Kvaðst Irma hafa farið og haldið aftur af stráknum en heyrt að félagar hans voru að reyna að espa Hauk upp en á árangurs. Strákurinn,

sem hún hélt aftur af, hefði hrópað eitthvað á Hauk og þá fór Haukur að svara honum. Kvaðst hún þá hafa sleppt stráknum og hann ruðst fram fyrir hana og kastað glasi í andlitið á Hauki. Hefðu vinir hans þá hrint Hauki yfir keðju sem þarna er strengd og ráðist að honum, fjórir saman. Hefði dyravörður svo komið og skakkað leikinn. Haukur og Kristín hefðu svo farið upp á slysadeild með leigubíl. Hún kvaðst myndu geta þekkt þann sem kastaði glasinu á mynd og lýsti honum þannig að hann væri um 185 cm á hæð, grannur og grannur í framan, dökkskolhærður og stutthærður.

Irma var látin taka þátt í myndsakbendingu 25. september sl., að viðstöddum lögmanni ákærða. Var þá raðað upp fyrir hana níu andlitsmyndum af ungum mönnum úr safni lögreglunnar. Benti hún á mynd af ákærða og sagði hann líkastan þeim sem barið hefði Hauk Má.

Kristín Ásgeirsdóttir, kærasta Hauks, gaf skýrslu í málinu 8. september sl. Sagði hún þau þrjú hafa verið stödd í anddyri á staðnum þar sem eru tröppur niður á neðri hæð og tröppur upp á efri. Hefði strákur oltið niður tröppurnar og beint á hana. Haukur hefði tekið í strákinn og hrist hann til og sagt í glensi „ertu fullur?“. Hefði hann svo ýtt við stráknum og hann hratað niður tröppurnar en verið gripinn þannig að datt ekki. Dyraverðirnir hefðu sagt við þau að þau skyldu að fara út. Strákurinn hefði hins vegar gripið í peysuermína á Hauki og fingur hennar en þau náð að slíta sig laus og farið út en strákur orðið eftir inni. Þau hefðu ætlað að hinkra eftir vinkonu þeirra en dyrnar þá verið opnaðar og strákurinn komið út ásamt þremur eða fjórum vinum sínum og þeir umkringt Hauk, nema strákurinn sem datt á hana. Hefði Irma haldið honum upp við vegg. Hefðu þeir gert hróp að Hauki og reynt að æsa hann upp en Haukur haldið ró sinni. Strákurinn sem Irma hélt aftur af hefði þá að öskrað eitthvað á Hauk og Haukur öskrað eitthvað á móti. Hefði strákurinn ruðst fram hjá Irmu og kastað glasi í andlitið á Hauki. Hefðu þeir allir svo veist að Hauki og tekið hann yfir keðju sem er þarna og þeir allir lent í jörðinni ásamt Hauki og halda eitthvað áfram að lemja Hauk. Dyraverðir hefðu komið strax og tekið þá af Hauki. Þau hefðu svo farið í leigubíl á slysadeild. Hún kvað þann sem kastaði glasinu hafa verið yfir 180 cm á hæð, grannur í vexti og mjór í framan, með brúnt hár, aðeins liðað og meðalsítt. Einnig hefði hann verið með skakkar framtennur, sem voru klesstar saman, og minnti hana á hamstur. Kvaðst hún viss um að geta þekkt hann aftur af mynd ef hún sæi tennurnar. Einhver þarna á staðnum hefði sagt hann vera handboltamann og heita Jón Björgvin og væri fæddur 1981, að hana minnti.

Kristín var látin taka þátt í myndsakbendingu 25. september sl., að viðstöddum lögmanni ákærða. Var þá raðað upp fyrir hana níu andlitsmyndum af ungum mönnum úr safni lögreglunnar. Benti hún á mynd af ákærða og sagði hann líkastan þeim sem barið hefði unnasta hennar. Ef hún gæti séð tennur hans gæti hún sagt til um það með vissu.

Henning Þór Hauksson dyravörður gaf skýrslu hjá lögreglu 25. júlí í fyrra. Kvaðst hann muna eftir þessu atviki og kvaðst vera viss um það að „Jón Björgvin handboltastrákur“ hefði slegið ungan mann í andlitið með glasi. Kvaðst hann hafa verið innan dyra og komið út og séð ungan mann, allan blóðugan, og brotið glas hjá honum en ákærða standa beint andspænis honum. Fannst honum eins og hann hefði séð ákærða slá unga manninn en ekki vera viss um að ákærði hefði þá verið með glas í hendi. Hann sagði einhverja hafa staðið þarna hjá þeim, sem hann áleit

vera einhverja sem þekktu annan hvorn þeirra.

Verður nú gerð grein fyrir því sem fram hefur komið í meðferð málsins fyrir dómi.

Við þingfesting málsins neitaði ákærði allri sök og kvað hann annan mann hafa gert þetta, Guðjón að nafni. Í skýrslu sinni í aðalmeðferð málsins hefur ákærði sagt að þeim Hauki Má, sem ákærði þekkti ekki, hafi lent saman í anddyrinu og orðið úr stympingar. Hafi þeir munnhöggvist og hrint hvor öðrum og það leitt til þess að þeir hafi verið reknir út af staðnum og kveðst hann þá ekki hafa verið með glas í hendi. Eftir það hafi þeir haldið þessu eitthvað áfram fyrir utan en hann kveðst svo hafa gengið burt og farið yfir á Sólon. Hann segir einhvern hóp hafa fylgt sér út þegar hann var rekinn út. Ekki muni hann hverjir það hafi verið. Hann kveðst svo hafa frétt að maðurinn væri búinn að kæra. Hann kveðst hafa verið ölvaður en ekki mikið þó. Hann kveðst hafa verið einn á Hverfisbarnum í þetta sinn en hann segist þó hafa komið þangað með handboltafélagum sínum, 2 – 3 stundum áður en þetta gerðist. Hefðu þeir komið í rútu frá Akureyri eftir kappleik þar og hefðu þeir drukkið á leiðinni. Hann kveðst hafa verið tíður gestur á Hverfisbarnum á þessum tíma. Hann segist hafa seinna rætt við mann að nafni Guðjón og hafi Guðjón þá sagt sér að hann hefði gert þetta, kastað glasi. Hann segir féлага Guðjóns þessa vera með sér í handbolta. Hann kveðst vita til þess að Guðjón þessi hafi verið inni á Hverfisbarnum að skemmta sér í umrætt sinn. Ákærði segir margt fólk hafa verið fyrir utan Hverfisbarinn í þetta sinn eins og venjulega. Hann kveðst engin önnur átök hafa séð fyrir utan Hverfisbarinn og engan annan átt samskipti við þar. Ákærði segir aðspurður að Helgi, vinur hans hafi verið með honum á Hverfisbarnum og séu þeir mjög góðir vinir. Hafi Helgi komið þangað með hópnum og farið með eða komið á eftir yfir á Sólon. Ákærði segist ekki minnst þess að hafa reynt að hringja í Hauk Má eftir atburðinn, sbr. hér á eftir.

Vitnið Guðjón Hrafn Guðmundsson hefur komið fyrir dóm í tilefni af því að ákærði hafði við þingfestingu málsins bent á mann að nafni Guðjón og sagt hann vera þann sem slegið hefði Hauk Má. Fór fram nokkur lögreglurannsókn í tilefni af því. Sagði Guðjón Hrafn í lögregluskýrslu 3. maí að hann hefði verið staddur fyrir utan Hverfisbarinn og hefðu þar verið einhverjar stympingar við biðröðina og ákærði átt þátt í þeim. Hefði þetta svo orðið að slagsmálum og kvaðst Guðjón Hrafn þá hafa verið kýldur í andlitið. Hefði hann brugðist við með því að slá frá sér með björglasi sem lent hefði í einhverjum og brotnað við það. Ekki kom fram hjá honum hvenær þetta atvik hefði gerst. Guðjón Hrafn var aftur yfirheyrður um mál þetta 9. maí. Sagðist hann hafa frétt af því hjá sameiginlegum kunningja þeirra ákærða, að ákærði væri hafður fyrir sök í þessu líkamsárásarmáli. Hefði hann áttað sig fljótlega á því að hann væri sekur um þetta en ekki ákærði. Kvaðst hann ekki muna dagsetninguna nákvæmlega en vera viss um að rugla þessu saman við annað tilvik, enda hefði hann aðeins einu sinni lent í slíku. Hann sagði svo frá að hann hefði „fleygt frá“ sér glasinu og að það hefði komið í hliðina á höfði mannsins en ekki í andlitið. Hann kvað vin sinn, Friðjón Ásmundsson, hafa verið staddan þarna. Fyrir dómi hefur Guðjón Hrafn skýrt svo frá að hann hafi eitt sinn komið út af Hverfisbarnum þegar þar hafi verið þvaga, kannski 20 manns, og æsingur úti fyrir, rifrildi en engin slagsmál. Hafi Friðjón verið með honum, vinur hans. Kveðst hann hafa farið að rífast við einhverja þarna og hafi einhver kýlt hann. Segist hann hafa kýlt þann mann með krepptum hnefa til baka og heldur hann að höggið hafi

komið vinstra megin í höfuð mannsins, á gagnauga eða nálægt því, en ekki beint framan á andlitið. Þá hafi Friðjón gripið inn í dregið hann í burtu. Ekki muni hann til þess að hafa verið með glas í hendi. Aðspurður hvernig hann geti tímasett þennan atburð segir hann að hann sé „bara nokkuð viss um að þetta sé þetta kvöld“, enda hafi hann hitt ákærða þarna fyrir utan. Segist hann kannast við ákærða vegna þess að vinur hans sé með ákærða í handbolta. Hann kveðst hafa heyrt um það fyrir nokkrum mánuðum að ákærði hefði verið sakaður um þessa árás. Hann segist ekki hafa átt í neinum útistöðum inni á Hverfisbarnum eða séð nein átök þar inni. Þá segist hann ekki muna til þess að hafa séð ákærða þar inni. Hann segir alla hafa verið að slást þarna fyrir utan. Vitni þetta hafði sagst í lögregluskýrslu, sem tekin var af honum eftir að málið var þingfest, hafa verið með björglas í hendi og er honum bent á það. Hann segist ekki hafa verið björglas þegar hann kom út af knæpunni. Segir hann að lögreglumaðurinn, hafi „matað ofan í“ hann að hann hefði verið með björglas.

Vitnið Friðjón Ástmundsson segir þá Guðjón Hrafn hafa farið út af Hverfisbarnum eitt sinn og þá hafi verið margt fólk fyrir utan í þvögu, ef til vill 10 manns, og áflog í gangi. Hafi Guðjón lent í hópnum og kveðst hann hafa þurft að aðskilja Guðjón og einhvern annan tvisvar sinnum. Hafi Guðjón verið kyldur og hann þá slegið frá sér í sjálfsvörn. Kveðst hann ekki hafa séð nákvæmlega þegar Guðjón gerði þetta en hafa dregið Guðjón í burtu með sér. Ekki hafi hann séð Guðjón með glas. Hann segist ekki geta tímasett þennan atburð nákvæmlega en þetta hafi verið fyrir tveimur árum. Þá muni hann ekki nákvæmlega hvenær um nótt þetta hafi verið. Hann segir þá ákærða vera kunningja og að þeir hafi æft saman fótbolta. Kveðst hann hafa séð ákærða þetta umrædda kvöld inni á knæpunni.

Haukur Már Ingvarsson hefur skýrt frá því að hann hafi verið búinn að drekka 3 – 4 bjóra þegar atburðurinn varð og muni hann atvik vel. Hafi hann verið á leið á millihæðina á Hverfisbarnum og á leið út ásamt kærustu sinni. Hafi ákærði þá komið niður, ölvaður, dottið á kærustuna. Kveðst hann þá hafa tekið í peysu hans og sagt við hann að vera ekki svona fullur og svo ýtt honum frá. Hafi aðrir þá gripið ákærða í stiganum en þau farið út af staðnum, Kristín kærasta og Irma. Eftir að út var komið hafi ákærði komið þar með fjóra vini sína og þeir slegið hring um vitnið og hrakyrnt hann. Kveðst hann þá hafa spurt þá hvort þeir væru „hetjur núna“ og litið í kringum sig. Hafi hann séð að ákærði var með glas, sá eini þeirra sem var með glas, og þeir skipst á einhverjum orðum. Hafi hann svo litið til hliðar og í því hafi hann fengið glasið í andlitið. Hafi ákærði þá verið „í sjónlínu“ eins og hann orðar það og mjög nálægt. Hann segist þó ekki hafa séð greinilega hvort að ákærði kastaði eða sló með glasinu. Glasið hafi brotnað á andliti hans og hann fallið við höggið á keðju sem þarna er strengd á staura. Hann kveðst aldrei hafa séð ákærða fyrr en þarna á Hverfisbarnum. Hann kveðst vera viss um að sá sem sló hann sé sá sami og hann átti í útistöðum við inni fyrir. Hann segir að mannsöfnuður hafi verið þarna utandyra en ekki hafi verið átök þarna önnur en þau sem hann lenti í, hvað sem síðar geti hafa orðið. Hann kveðst engan hafa slegið þarna. Segir hann dyraverði hafa komið um leið og hann hafði verið sleginn og veitt honum vernd. Hann segist hafa skorist á efri vör í gegn og misst tennur. Þá hafi hann fengið sýkingu í tennurnar nokkrum mánuðum síðar og stokkbólgnað. Hann segir tennurnar enn vera lausar og hafi tannlæknirinn sagt að hann gæti þurft að fara aftur í aðgerð út af þessu, einu sinni eða tvisvar á ævinni.

Haukur Már kveðst hafa farið í myndsakbendingu og þá bent á mynd af ákærða. Hann segir dyraverðina á staðnum hafa sagt sér hvað árársarmaðurinn hétí og svo hefði hann fengið að vita hjá öðrum að viðkomandi væri íþróttamaður. Hann segir ákærða hafa reynt að hringja þessa helgi, en hann hafi ekki svarað í símann. Hafi hann séð númerið sem hringt var úr og látið númer 118 rekja það fyrir sig. Hann sér ákærða í dóminum og segist þar kenna árársarmanninn.

Irma Guðvarðsdóttir hefur skýrt frá því hún hafi verið með þeim Hauki Má og Kristínu á Hverfisbarnum í umrætt sinn. Hafi þau Haukur Már staðið við stigann við útganginn og beðið eftir vinkonu vitnisins. Hafi hún séð að Haukur var með mann í taki og segja eitthvað við hann brosandí. Hafi Haukur Már svo ýtt manninum sem hafi hrasað aftur á bak en maðurinn strax verið gripinn og reistur við. Þau hafi svo farið út og staðið fyrir utan og beðið eftir vinkonu þeirra. Maðurinn og vinir hans hafi komið saman út og slegið hring um Hauk Má og skammast við hann. Hafi Haukur Már ekki svarað. Vitnið kveðst á meðan hafa haldið manninum fyrrnefnda frá Hauki Má. Þegar Haukur Már að endingu svaraði þeim hafi maðurinn ruðst fram fyrir vitnið og kveðst hún hafa séð hann kasta glasi beint í andlitið á Hauki Má og glasið brotna við það. Hún segist þó ekki vera alveg viss hvort glasið brotnaði á andliti Hauks Mús eða við það að detta í götuna. Heldur hún að þetta hafi verið hálf lítra björglas. Nánar aðspurð um þetta atvik segist hún hafa snúið að Hauki Má og maðurinn staðið fyrir aftan hana en svo ruðst fram fyrir hana. Giskar vitnið á að maðurinn hafi ekki verið meira en einn eða einn og hálfan metra frá Hauki Má þegar hann kastaði glasinu. Eftir að hann gerði það hafi þeir þá allir ráðist á Hauk Má og þeir allir dottið yfir keðjuna sem þarna er og fallið í götuna. Segir vitnið að sá sem kastaði glasinu sé sami maðurinn og sá sem lenti í útistöðum við Hauk Má inni á kránni. Sér vitnið ákærða í réttinum og segist alveg viss um að hann sé sá maður. Hún segist ekki hafa séð að annað fólk ætti í áflogum fyrir utan enda fáir verið þar sem þau stóðu. Hún segir dyraverð hafa komið strax að og skakkað leikinn. Hún kveðst hafa verið búin að drekka eitthvað af bjór en muna vel atvikin. Vitnið segist hafa fengið að vita það löngu seinna hver maðurinn væri. Vitnið segist hafa tekið þátt í myndsakbendingu og þá bent á mynd af ákærða.

Kristín Ásgeirsdóttir, kærasta Hauks Mús, hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að hún hafi verið á Hverfisbarnum með þeim Hauki Má og Irmu. Hún segir þau hafa staðið við útganginn á staðnum þar sem er stigi, bæði upp og niður. Hafi maður dottið niður stigann og á vitnið. Hafi Haukur þá tekið í manninn, hrist hann lítillaga og spurt í gamni hvort hann væri fullur. Hafi hann svo ýtt manninum frá sér sem hafi við það dottið niður hinn stigann en strax verið gripinn. Hafi maðurinn komið og gripið í peysuermina á Hauki Má en þau svo farið út. Hafi þau beðið fyrir utan eftir að vinkona vitnisins kæmi einnig út. Hafi maðurinn þá komið út með þremur eða fjórum vinum sínum og þeir allir farið að rífast við Hauk Má. Irma hafi reynt að halda manninum frá með því að snúa í hann bakinu en Haukur Már verið stilltur. Maðurinn hafi þá sagt eitthvað við Hauk Má sem þá hafi orðið æstur og svarað. Við það hafi maðurinn ruðst fram hjá Irmu, öðru hvoru megin, og hent hálfpotts björglasi í andlit Hauks Mús og þeir allir þá ráðist á hann svo að hann féll yfir keðjuna. Glasið hafi brotnað en hún er ekki viss hvort það brotnaði á andliti Hauks Mús eða við það að skella í götunni. Dyraverðir hafi komið þegar að og tekið mennina af Hauki Má. Vitnið kveðst hafa staðið við hlið Hauks Mús og snúið að manninum þegar hann henti glasinu og hafi ekki verið meira en um einn

eða einn og hálfur metri á milli hans og Hauks Mús. Segist vitnið vera viss um það að þessi maður hafi verið sá sami og Haukur Már lenti í útistöðum við inni á veitingastaðnum. Sér hún ákærða í réttinum og segir hann vera þann mann. Hún kveðst ekki hafa séð þennan mann fyrir atburðinn en dyraverðirnir hafi sagt þeim hvað hann hét. Hún segist svo hafa farið með Hauk Má á slysadeild. Hún kveðst hafa tekið þátt í myndsbendingu og hafa þá bent á mynd af ákærða.

Hlynur Þorsteinsson læknir hefur komið fyrir dóminn og staðfest vottorðið sem hann hefur gefið í málinu. Hann segir áverkann á Hauki Má geta stafað af því að glasi hafi verið kastað í andlit honum. Áverki sem þessi geti hafa komið þótt glasið hafi ekki brotnað á andliti mannsins. Þá segir hann að áverkinn gæti líka hafa orðið af hnefahöggi.

Henning Þór Hauksson dyravörður á Hverfisbarnum í umrætt sinn hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að hann hafi staðið fyrir utan dyrnar. Hafi hann þá séð þrjá til fjóra menn standa umhverfis mann þarna og þeir virst vera að spjalla saman til að byrja með. Hafi ákærði, sem vitnið þekkti deili á, staðið fyrir framan manninn. Hann kveðst svo hafa svo heyrt glas brotna og þá snúið sér við og þá séð manninn standa alblóðugan í framan og þá þrjá eða fjóra í kringum hann, en ákærða fyrir framan manninn. Kveðst hann hafa farið manninum til hjálpar og gengið á milli manna til þess að honum yrði ekki gert frekara mein. Minnir hann að maðurinn eða mennirnir hafi fallið í götuna. Hann man ekki til þess að önnur átök hafi verið í gangi þarna þegar þetta gerðist. Vitnið segist ekki hafa þekkt Guðjón Hrafn Guðmundsson á þessum tíma og ekki hafa tekið eftir honum þarna. Aftur á móti segir hann að Guðjón Hrafn hafi seinna unnið hjá honum þarna tvær eða þrjár helgar, um mánuði eftir atburðinn, og hann þá sagt frá því að hann hefði, „einhverjum helgum“ áður slegið einhvern með glasi. Nánar aðspurður um það hvernig mennirnir stóðu þegar hann sneri sér við segir hann að þeir hafi myndað hálfhring utan um hann en keðjan verið fyrir aftan hann. Hann kveðst ekki minnst þess að neinn hafi fallið til jarðar. Eitthvað hafi verið þarna af fólki og kveðst hann ekki muna sérstaklega eftir vinkonum mannsins sem sleginn var.

Gísli Þorsteinsson, lögreglufulltrúi, sem tók skýrslu af Guðjóni Hrafn Guðmundssyni 3. og 9. maí sl., hefur komið fyrir dóm. Hann segir það ekki rétt að Guðjóni hafi verið gefnar einhverjar forsendur að ganga út frá í skýrslugjöfni. Sé skýrslan gerð eftir frásögn hans.

Helgi Sveinsson hefur skýrt frá því að hann hafi verið á Hverfisbarnum í umrætt sinn, að hann heldur. Segir hann að menn hafi verið þar „mjög fullir og vitlausir“. Segist hann hafa hitt ákærða fyrir utan staðinn seint, um klukkan 3 eða 4. Hann segir margt fólk hafa þarna en hann kveðst ekki hafa orðið var við átök milli manna. Þeir ákærði hafi spjallað eitthvað saman en hann kveðst svo hafa farið með vinum sínum niður í bæ en ákærði hafi ekki orðið samferða. Hann kveðst hafa verið vel kenndur þegar þetta var. Hann kveðst aðspurður hafa hitt ákærða á Sólon seinna um kvöldið, eins og hann orðar það. Hann vill þó ekki útiloka það, aðspurður, að ákærði hafi orðið samferða á Sólon, enda kveðst hann hafa verið í stórum hópi manna, um 15 manna alls.

Birgir Már Gunnarsson dyravörður á Hverfisbarnum í umrætt sinn hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að margt fólk hafi þá verið þar að skemmta sér. Hann kveðst hafa séð ákærða og Hauk Má vera að rífast í dyrunum og kannaðist

vitnið við þá báða í sjón. Hafi Haukur Már gengið út og ákærði einnig stuttu síðar. Ekki kveðst hann muna til þess að ákærði hafi verið með glas. Þegar vitnið fór út, 2 – 5 mínútum síðar, hafi Haukur Már verið alblóðugur í framan og brotið glas legið þar hjá. Hann segist ekki hafa séð ákærða þarna en einhverjir hefðu sagst hafa séð hann henda glasinu, að hann minnir. Hann kveðst því ekki hafa séð nein átök heldur aðeins það sem gerðist eftir þau. Hann kveðst ekki vita til þess að önnur átök en þessi hafi átt sér stað á þessum tíma.

Niðurstaða

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Fyrir liggur þó að þeim Hauki Má lenti saman inn á Hverfisbarnum og ákærða og vitnum ber saman um það að þeir hafi átt þar í útistöðum utan dyra eftir að þeim hafði verið vísað út. Ákærði segist hins vegar hafa horfið á braut án þess að til átaka kæmi með þeim. Tvö vitni, sem dómariinn álítur vera trúverðug, þær Kristín Ásgeirsdóttir og Irma Guðvarðardóttir, hafa eindregið borið það að maðurinn, sem hafði lent í útistöðum við Hauk Má, hafi kastað glasi í andlit hans fyrir utan Hverfisbarinn. Í myndsakbendingu hjá lögreglu, sem eðlilega var staðið að, bentu þær á mynd af ákærða meðal mynda af níu mönnum. Töldu þær þá mynd líkjast mest manningnum sem þetta hefði gert. Sagðist Kristín þó þurfa að sjá tennurnar í manningnum til þess að vera viss, en hún hefur sagt þær hafa verið mjög skakkar. Þær hafa séð ákærða við aðalmeðferð málsins og segjast báðar vera vissar um að hann sé þessi maður. Fyrir liggur að ákærði er með áberandi skakkar framtenu. Haukur Már, sem dómariinn metur einnig trúverðugan, hefur borið það að maðurinn, sem hann hafði lent í útistöðum við inni á kránni, hafi staðið mjög nálægt honum og hafa litið til hliðar en í því hafi maðurinn slegið hann með glasinu eða hent því í hann, þótt hann sæi þetta ekki greinilega. Í myndsakbendingu hjá lögreglu, sem eðlilega var staðið að, benti hann á mynd af ákærða meðal mynda af níu mönnum og sagði hana vera af árársarmanningnum. Hann hefur séð ákærða við aðalmeðferð málsins og segir hann vera þann mann. Þá hefur dyravörðurinn Henning Þór Hauksson, sem þekkti ákærða og var staddur þarna utandyra, sagst hafa heyrt brothljóð og þá snúið sér við og séð manningnum alblóðugan í framan og þrjá eða fjóra menn í kringum hann, en ákærða fyrir framan hann. Dómariinn álítur vitni þetta trúverðugt.

Viðbára ákærða um það að annar maður, Guðjón Hrafn Guðmundsson, hafi ráðist á Hauk Má en ekki hann, hefur verið athuguð. Hefur Guðjón Hrafn verið óstöðugur í frásögn sinni, eins og fram er komið, og auk þess hefur hann sagt að glasið hafi ekki komið í andlit mannsins heldur á hliðina á höfðinu. Loks þykir vera talsverð óvissa um tímasetningu þessa atviks. Þykir dómariinn óhætt að slá því föstu að þetta vætti hafi ekki þýðingu í málinu.

Dómariinn telur, þrátt fyrir neitun ákærða, að það sé sannað með vætti vitnanna fjögurra, að hann hafi kastað glasi í andlitið á Hauki Má og valdið því að hann skarst á efri vör og því að tvær framtenu í honum brotnuðu um þvert. Árás ákærða var hættuleg og telst þetta brot hans varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður

Ákærði hefur áður ekki gerst sekur um refsilagabrot. Árás hans var fólkskuleg og olli umtalsverðu líkamstjóni. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Rétt þykir að fresta framkvæmd fjögurra mánaða af refsingunni og ákveða að sá hluti hennar falli niður að liðnum 2 árum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu Hauks Más Ingvarssonar er þess krafist að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38, 2001 frá 22. október 2005, að liðnum einum mánuði frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga.

Sundurliðast krafan sem hér segir:

1.	Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga	kr. 500.000
2.	Þjáningabætur í 12 daga @ kr. 1.070	-- 12.840
3.	Tímabundið atvinnutjón	-- 162.400
4.	Tannlæknakostnaður	-- 170.300
5.	Útlagður lyfja- og lækniskostnaður skv. reikningum	<u>-- 11.997</u>
	Samtals	kr. 857.537

Bótakröfu þessari þykir vera í hóf stillt og fjárhagstjón Hauks Más er jafnframt stutt gögnum. Ber að dæma ákærða til þess að greiða honum þessa fjárhæð ásamt almennum vöxtum frá 22. október 2005 til 1. september 2006 en eftir það með dráttarvöxtum til greiðsludags.

Þá er af hálfu Hauks Más krafist lögmannspóknunar að fjárhæð kr. 119.520 samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991 svo og frekari þóknunar að mati dómsins vegna meðferðar málsins fyrir dómi. Ber með vísan til þessa lagaákvæðis að dæma ákærða til þess að greiða Hauki Má alls 170.000 krónur í skaðabætur vegna kostnaðar við það að halda fram kröfunni, ásamt vöxtum eins og að ofan greinir.

Dæma ber ákærða til þess að greiða verjanda sínum, Guðmundi Ólafssyni hrl. 250.000 krónur í málsvarnarlaun, sem dæmast með virðisaukaskatti og 56.815 krónur í annan sakarkostnað.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Jón Björgvin Pétursson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Frestað er því að framkvæma fjóra mánuði af refsingunni og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 2 árum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði greiði Hauki Má Ingvarssyni 1.027.537 krónur í skaðabætur með almennum vöxtum frá 22. október 2005 til 1. september 2006 en eftir það með dráttarvöxtum til greiðsludags.

Ákærði greiði verjanda sínum, Guðmundi Ólafssyni hrl. 250.000 krónur í málsvarnarlaun og 56.815 krónur í annan sakarkostnað.

Pétur Guðgeirsson